

Fljótsdalshérað  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir



Reykjavík 14. desember 2015  
UST201511-163/K.S.J.  
10.04.02

**Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028.  
Egilsstaðaflugvöllur**

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 24. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028 á svæði Egilsstaðaflugvallar.


Áætlað er að stækka athafnasvæði og reit fyrir þjónustustofnanir á svæði flugvallarins.


**Skipulag við ár sjó og vötn**

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að reitur fyrir þjónustustofnanir muni stækka við áætlaðar breytingar úr 15 ha í 33 ha til austurs inn á landbúnaðarland að Eyvindará. Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14. Skipulag við vötn, ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.“ Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að huga að aðgengi almennings meðfram Eyvindará við áætlaðar breytingar á þjónustusvæði Egilsstaðarflugvallar.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri